



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (gistináttaskattur, barnabætur o.fl.). Mál nr. 10 á þingmálaskrá 154. löggjafarþings 2023-2024.
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála.
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	25. september 2023.

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

Í frumvarpinu verða lagðar til ýmsar nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Eftirfarandi breytingar eru fyrirhugaðar:

- Breytingar á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011, þannig að skatturinn verði lagður á hvern gest í stað gistieiningar, eins og nú er, og nái einnig til gesta í skemmtiferðaskipum sem dvelja á íslensku tollsvæði.
- Breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um að sala á aðgangsmiðum í kvikmyndahús verði skipað í lægra VSK-þrepið.
- Breytingar á lögum um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, um að fella niður vörugjöld á rafvélsleða.
- Breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, vegna samtímabarnabóta sem taki mið af barnastöðu eftir ársfjórðungum.
- Breytingar á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem heimila skipti á upplýsingum milli landa vegna tekna sem aflað er með stafrænum hætti í samræmi við DPI reglur OECD og DAC7 tilskipun Evrópusambandsins.
- Breytingar á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, um að litlir, sjálfstæðir framleiðendur áfengis greiði lægra áfengisgjald af ákveðnu magni áfengis.
- Breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, til að skýra gjaldtökuheimildir í tengslum við lög um útlendinga, nr. 80/2016. Lögð verður til breyting á uppsetningu 14. gr. laganna, orðalagsbreyting og efnisleg breyting varðandi gjaldtöku vegna umsókna um dvalarleyfi, ríkisborgararétt og vegabréfsáritanir, m.a. að tengja gjald fyrir vegabréfsáritun við gengi evru.
- Breytingar á höfundalögum, nr. 73/1972. Samkvæmt 11. gr. laganna eiga höfundar verka, sem hafa verið gerð aðgengileg almennungi, rétt á sanngjörnum bótum vegna eftirgerðar verkanna til einkanota og er í 3. mgr. greinarinnar vísað til ákveðinna tollskrárnúmera. Lagðar verða til breytingar á tollskrárnúmerunum í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á tollskrá. Markmiðið með breytingunni er að viðhalda því fyrirkomulagi sem verið hefur.

2. Tekjubreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

3. Útgjaldabreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

4. Eignabreytingar

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
- b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
- c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
- d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur
- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
- f) Opinber innkaup og útboð
- g) Eignaumsýsla ríkisins
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaáætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:

- a) í gildandi fjárlögum – Á ekki við
- b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs – Já
- c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar – Já

2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?

3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu? Breytingarnar fela að hluta til í sér aukna tekjuöflun.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, vörugjald og áfengisgjald eru til þess fallnar að hafa áhrif til lækkunar á verð vöru eða þjónustu í þeim tilvikum sem um ræðir, þ.e. aðgangs að kvikmyndahúsum, rafvélsleða og áfengis sem framleitt er af litlum sjálfstæðum framleiðendum.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

Á ekki við.

3. Samkeppnisskilyrði Á ekki við.

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)
- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)
- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins
Á ekki við.
2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
Á ekki við.
3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011
Á ekki við.
4. **Áhrif á byggðalög**
Á ekki við.
5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**
Á ekki við.
6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**
– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum
Ekki hefur farið fram ítarleg greining á jafnréttisáhrifum frumvarpsins. Þó má leiða að því líkur að einhverjar tillögur þess geti haft ólík áhrif á karla og konur.
7. **Áhrif á lýðheilsu**
Lögð er til lækun á áfengisgjaldi í sérstökum tilvikum sem gæti leitt til lækkaðs útsöluverðs áfengis og aukinnar sölu í þeim tilvikum með neikvæðum áhrifum á lýðheilsu.
8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**
Á ekki við.
9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**
Á ekki við.
10. **Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**
Samráð hefur verið haft við dómsmálaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og Skattinn vegna einstaka efnisatriða frumvarpsins. Þá hefur innra samráð í Stjórnarráðinu farið fram. Ekki er gert ráð fyrir að langan tíma þurfi til undirbúnings/aðlögunar.
11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**
Frumvarpið hefur áhrif á skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila sem og stjórnslu skattamála.
12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun** Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Gistináttaskattur kemur til framkvæmda á ný um áramót en hann var felldur niður tímabundið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Áætlað er að hann skili að óbreyttu 1,5 milljarði kr. á komandi ári. Þar við bætast áhrif hinna nýju áforma um að breyta útreikningsviðmiðum skattsins og gildissviði með útvíkkun til skemmtiferðaskipa. Vinna stendur nú yfir með hagaðilum þar sem mat verður lagt á ólíkar leiðir að breyttu gjalda- og skattaumhverfi ferðaþjónustu. Tekjuáhrif þeirra breytinga fyrir ríkissjóð eru áætluð 2,7 milljarðar kr. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um virðisaukaskatt, vörugjald og áfengisgjald hafa áhrif til lækkunar á tekjur ríkissjóðs. Ekki er gert ráð fyrir því að aðrar breytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu muni hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Endanlegar niðurstöður liggja hins vegar ekki fyrir þar sem um frummat á áhrifum er að ræða.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Á ekki við.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat) Áformaðar eru breytingar sem fela í sér ýmsar nauðsynlegar lagabreytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Það mun leiða til betri og skýrari löggjafar á sviði skattamála.

4.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR? Já
2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma? Já.
3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin? Á ekki við.